

## Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

**Leið II, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild (Séreign LSR), (Kt. 421198-2259)**

Engjateigur 11, 105 Reykjavík. S. 510-6100. Netfang [lsl@lsl.is](mailto:lsl@lsl.is). [www.lsl.is](http://www.lsl.is)

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Skjal þetta er útgefið 1. júní 2023.

**Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja**

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Um lífeyrissparnað er að ræða í samræmi við II. kafla laga nr. 129/1997, séreignarsjóð sem ber heitið Séreign LSR, Leið II. Heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði eiga þá jafnan kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar.

### Markmið

Leið II er verðbréfaleið með áherslu á skuldabréf. Áhersla er lögð á lausafjárstýringu í Séreign. Þess vegna fjárfestir Leið II að stærstum hluta í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum auðseljanlegum fjármálagerningum. Jafnframt er þess gætt að nægilegt laust fé sé til ráðstöfunar til að bregðast við flutningum sjóðfélaga á milli fjárfestingaleiða, flutningum til annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og öðru óvæntu útstreymi.

Leitast er við að hafa áhættudreifingu í eignasafninu sem mesta, með hagkvæmasta samvali verðbréfa og með hliðsjón af landsvæðum, atvinnugreinum, útgefendum og gjaldmiðlum með virkri eignastýringu. Jafnframt er tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu fjárfestingakosta í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar.

### Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Aðild að Séreign LSR, Leið II, hafa þeir sem greiða eða hafa einhvern tímann greitt iðgjald til einhverra af sjóðum LSR. Hið sama gildir um félagsmann aðildarfélag BSRB, BHM, KÍ og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Leið II hentar best þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út þær sveiflur sem geta orðið á ávöxtun.

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

### Áhættuvísir



←-----→  
Minni áhætta Meiri áhætta



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér. Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni. Ef Séreign LSR, Leið II, getur ekki greitt þér það sem við skuldum gætirðu tapað allri fjárfestingu þinni. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

## Árangurssviðsmyndir

Fjárfesting á ári: 100.000 kr.		Ef þú innleysir eftir:		
		1 ár	2 ár	4 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar (kr.)	84.385	173.423	326.874
	Meðalávöxtun á hverju ár	-15,6%	-6,9%	-4,9%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar (kr.)	100.485	209.441	461.868
	Meðalávöxtun á hverju ár	0,5%	2,3%	3,7%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar (kr.)	106.695	228.770	523.217
	Meðalávöxtun á hverju ár	7,0%	7,0%	6,9%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar (kr.)	113.763	249.665	592.202
	Meðalávöxtun á hverju ár	13,8%	11,7%	10,3%

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 4 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir fyrir 100.000 kr. á ári, þ.e. samanlögð upphæð sem er fjárfest fyrir: 1 ár - 100.000 kr., 2 ár – 200.000 kr. og 4 ár – 400.000 kr. Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur afurðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Staðgreiðsla er greidd við úttekt séreignarsparnaðar. Vegna þrepaskipts skattkerfis kjósa margir að taka ekki allan séreignarsparnað sinn út á einu ári. Nánari upplýsingar um tekjuskatt má finna á vef Ríkisskattsjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is)

## Hvað gerist af Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið II getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins S-deild, Leið II, getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta til þín. Þar sem Leið II er verðbréfaleið með áherslu á skuldabréf myndi slíkt fjárhagstjórnt almennt ekki falla undir tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skv. lögum nr. 98/1999.

## Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfar í þrjú mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir fyrir 100.000 kr. á ári. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

- Enginn upphafskostnaður eða hlutfall af iðgjöldum fer í kostnað
- Enginn kostnaður er af flutningi á milli fjárfestingarleiða
- Engin sölulaun
- Enginn dreifingarkostnaður
- Fjárfestingagjöld og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er dreginn frá gengi sjóðsins mánaðarlega svo engin aukagjöld falla á afurðina. Sjá nánar um þessa kostnaðarliði í skýringum ársreiknings Séreignar LSR á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

## Kostnaður yfir tíma

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Fjárfesting á ári: 100.000 kr.	Ef þú innleysir eftir:		
	1 ár	2 ár	4 ár
Sviðsmyndir			
Heildarkostnaður (kr.)	598	1.282	2.932
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,56%	0,56%	0,56%

## Samsetning kostnaðar

Taflan hér fyrir neðan sýnir:

- Árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlags fjárfestingartíma
- Merking mismunandi kostnaðarflokka

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga
Viðverandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,02%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,54%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í II. þætti.
Aukakostnaður	Árangurstengdar bóknarir	0%	Áhrif árangurstengdra bóknana.
	Hlutdeild í hagnaði	0%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

**Ráðlagður fjárfestingartími:** 4 ár (a.m.k.)

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjárfestingartímanum og því ráðlagt að halda fjárfestingunni í að minnsta kosti 4 ár. Þar sem um séreignarsjóð er að ræða getur almennur fjárfestir haldið afurðinni eins lengi og hann óskar.

Leið II hentar best þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sér til að jafna út þær sveiflur sem geta orðið á ávöxtun. Við val á fjárfestingarleið er því meðal annars ráðlagt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða sjóðfélagsins er og hvert viðhorf sé til áhættu.

- Réttur til útborgunar er við 60 ára aldur og er þá heildarinneign laus til útborgunar. Útborgun getur þó aldrei hafist fyrir en tveimur árum eftir að fyrsta greiðsla barst sjóðnum.
- Sjá nánar um aðrar ástæður útborgunar, vegna örorku, andláts eða annarra ástæðna, á [www.lsr.is](http://www.lsr.is)
- Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.
- Tekjuskattur er dreginn af við útborgun

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun í gegnum síma 510-6100, í afgreiðslu sjóðsins að Engjateigi 11, 105 Reykjavík eða á netfangið [lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is). Sjá nánari upplýsingar m.a. um þjónustu- og opnunartíma á [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

## Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um Séreign LSR, Leið II, má finna á [www.lsr.is](http://www.lsr.is) Þar má m.a. finna fjárfestingastefnu sjóðsins, mánaðarleg upplýsingaryfirlit sjóðsins, ársreikning og reiknivél séreignar.

# Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

## Hvernig er áhætta tengd sjálfbærni felld inn í fjárfestingarákvarðanir?

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt, með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað er að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingaákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Samkvæmt 6.grein SFDR skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

[Hér](#) má finna yfirlýsingar LSR sem tengjast SFDR um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er samþætt inn í ákvarðanatökufæri fjárfestinga hjá sjóðnum sem og yfirlýsingu vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e.PAI).